


Verkefnahugmyndir fyrir kennara

Líkami minn „Sagan um Nóa“

TILLAGA AÐ LOKAVERKEFNI:

Hér er að finna tillögu fyrir kennara að lokaverkefni sem gæti hentað til að nota eftir að bekkurinn hefur séð myndina og klárað verkefnin sem fjalla um tælingu og kynferðislegt ofbeldi.

Verkefnið er kennarastýrt.



Verkefni: Góð og slæm leyndarmál

Efni: Ein örk fyrir hvern nemanda.

Markmið: Að gera nemendur meðvitaða um hvað einkennir góð og slæm leyndarmál, ásamt mikilvægi þess að segja öruggri fullorðinni manneskju frá ef barn á sér slæmt leyndarmál.

Tími: Um það bil 20–30 mínútur

Framkvæmd:

Kennari getur valið að vinna báða hluta verkefnisins eða aðeins annan.

Fyrsti hluti

1. Skiptu nemendum í hópa eða námspör.
2. Leyfðu nemendum að ræða hvað þeim finnst vera góð og slæm leyndarmál í hópunum eða námspörunum í nokkrar mínútur. Hver er munurinn? Geta börnin nefnt dæmi um góð og slæm leyndarmál?
3. Síðan getur þú beðið nemendur að ræða í nokkrar mínútur um hvað einkennir slæm leyndarmál og hvað þau geta gert ef þau eiga þannig leyndarmál.
4. Þegar börnin hafa rætt saman um stund getur þú beðið þau sem vilja að deila niðurstöðum sínum í bekknum. Notaðu gjarna dálítinn tíma til að ræða um það sem þau segja í bekknum.

Annar hluti

5. Láttu hvern nemanda fá eina örk og biddu þá að brjóta hana í tvennt.
6. Segðu nemendum að þeir eigi að skrifa mismunandi hluti á hvorn hluta arkarinnar.
 - Á annan helminginn eiga þau að skrifa hvaða fullorðnum þau geta treyst og talað við, ef þau bera þungbært leyndarmál. Hér geta þau bæði nefnt fullorðna sem þau þekkja, vini og aðra sem þau treysta. Hjálpaðu nemendum að muna eftir hjálparleiðum eins og Hjálparsímanum og Neyðarlínunni, ef þau nefna þær ekki sjálf.
 - Á hinn helminginn skrifa nemendur hvers vegna það er mikilvægt að tala við einhvern um slæm leyndarmál.

7. Þegar börnin eru búin að þessu, getur þú gefið bekknum tíma til að ræða saman um niðurstöðurnar. Mundu að það getur verið gott að leyfa nemendum að velja hvort þeir vilji deila því sem þeir skrifuðu með bekknum eða ekki.
8. Hér má gjarna hengja arkirnar upp í bekknum, ef nemendur samþykkja það.

Ráð:

Þetta verkefni getur gefið börnum tækifæri til að ræða það sem liggur þeim á hjarta og segja frá ef þau burðast með erfið leyndarmál. Fylgstu með því sem nemendur segja, talaðu við þau á meðan á verkefninu stendur og hlustaðu á hugleiðingar þeirra.

Góð leyndarmál eiga að vera spennandi, láta okkur líða vel og kannski gefa okkur fiðring í magann. Dæmi um gott leyndarmál er til dæmis að skipuleggja óvæntan glaðning fyrir einhvern.

Slæm leyndarmál láta okkur líða illa. Það getur verið eins og að hafa kökk í hálsinum eða vera illt í maganum. Dæmi um slæm leyndarmál eru hvers konar ofbeldi og einelti.